

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 28. desember 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-19/2018.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 13. mars 2018 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á þjónustu af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur að seljandi hafi krafist greiðslu frá henni fyrir reikninga sem henni hafi ekki borið að greiða og að seljandi hafi ekki framkvæmt þá vinnu sem hann hafi tekið að sér.

II

Málsmeðferð kæruneftndarinnar

Með bréfi, dags. 13. mars 2018, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og honum veittur tveggja vikna frestur til að skila þeim. Seljandi nýtti sér ekki þá heimild. Þann 17. október 2018 sendi kæruneftndin bréf til álitsbeiðanda þar sem óskað var eftir frekari upplýsingum um málsatvik auk gagna til stuðnings kröfum álitsbeiðanda. Álitsbeiðandi sendi kæruneftndinni svar þann 22. október 2018.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi kveðst hafa ráðið seljanda til að vinna ýmis verk í fasteign í hennar eigu, m.a. lagnavinnu á baðherbergi, uppsetningu á sturtu, klósetti og vask á baðherbergi, uppsetningu á vaski í eldhúsi og skiptingu á ljósum. Samkvæmt álitsbeiðanda sömdu aðilar um að seljandi fengi greidda fasta upphæð að fjárhæð 200.000 krónur fyrir vinnuna, á upphafsdegi yrðu greiddar 50.000 krónur og 150.000 krónur yrðu greiddar við verklok. Álitsbeiðandi kveðst hafa átt að afhenda seljanda skápa til að setja upp, sturtubotn, vaska og slíkt en seljandi hafi ætlað að útvega efni til að smíða og leggja lagnir.

Eftir að vinnan var hafin óskaði seljandi að sögn álitsbeiðanda sífellt eftir frekari greiðslu til að geta keypt ýmis efni og lagði álitsbeiðandi því frekari fjárhæðir inn á reikning seljanda. Að lokum hafði álitsbeiðandi að eigin sögn lagt alls 319.000 krónur inn á reikning seljanda með nokkrum millifærslum, en hún kveðst ekki hafa áttað sig strax á því hversu háa fjárhæð hún hafi greitt seljanda. Verkið átti að taka einn til tvo daga að sögn álitsbeiðanda en eftir þrjár vikur krafðist álitsbeiðandi þess að seljandi myndi klára verkið eða endurgreiða henni en þá hafi seljandi neitað að inna frekari vinnu af hendi.

Að sögn álitsbeiðanda vann seljandi lítinn hluta af þeirri vinnu sem hann var ráðinn til að vinna og það sem hann gerði hafi verið alls ófullnægjandi. Kveðst álitsbeiðandi hafa komist að því síðar að seljandi hafi ekki tilskilin leyfi til að framkvæma þá vinnu sem hann tók að sér. Seljandi hafi að auki krafist álitsbeiðanda um greiðslu ýmissa reikninga sem væru skráðir á annað nafn og reikninga sem þau hafi samið um að hann hafi átt að greiða.

Álitsbeiðandi krefst þess að seljanda verði gert að endurgreiða sér 319.000 krónur auk greiðslu fyrir óþægindi sem málið hefur valdið henni. Þá krefst álitsbeiðandi greiðslu vegna viðgerða í fasteigninni.

IV

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beðið kærunefndina um álit á ágreiningnum. Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur sá sem málið varðar falli undir valdsvið nefndarinnar og geti átt undir lög nr. 42/2000 um þjónustukaup.

Líkt og áður segir kveðst álitseiddandi hafa ráðið seljanda til vinnu í fasteign sinni fyrir fyrirfram ákveðið verð að fjárhæð 200.000 krónur. Fyrir þá greiðslu hafi seljandi átt að framkvæma vinnu við pípulagnir á baðherbergi og setja upp sturtu, klósett og vask á baðherbergi og vask í eldhúsi auk uppsetningu á ljósi. Að sögn álitseiddanda framkvæmdi seljandi ekki nema lítinn hluta umsaminnar vinnu þrátt fyrir að álitseiddandi hafi lagt mun hærri fjárhæð en um var samið inn á reikning seljanda, eða 319.000 krónur. Þá hafi sá hluti verksins sem seljandi framkvæmdi verið illa unninn.

Álitseiddandi hefur lagt fram ýmis gögn í málinu, þar á meðal auglýsingu af vefsíðunni bland.is þar sem seljandi virðist auglýsa vinnu sína og myndir af rýmum í fasteign álitseiddanda. Þá hefur álitseiddandi lagt fram yfirlit yfir millifærslur af reikningi sínum sem samtals eru að fjárhæð 319.000 krónur, en ekki kemur fram á hvaða reikning fjárhæðirnar voru lagðar inn. Álitseiddandi hefur einnig lagt fram reikninga sem hún segir að seljandi hafi afhent henni, en ekki kemur fram hvort álitseiddandi hafi greitt þá reikninga.

Álitseiddandi hefur þó ekki lagt fram nein gögn sem staðreyna að álitseiddandi og seljandi hafi í raun samið um að seljandi tæki að sér vinnu í þágu álitseiddanda, hvaða vinnu var samið um eða hvaða vinnu seljandi hefur þegar framkvæmt í þágu álitseiddanda. Álitseiddandi hefur heldur ekki sýnt fram á að aðilar hafi samið um fasta greiðslu fyrir tiltekna vinnu í fasteign álitseiddanda. Ekki er unnt að fallast á kröfur álitseiddanda á grundvelli laga nr. 42/2000 um þjónustukaup þegar litið er til þeirra takmörkuðu gagna sem liggja fyrir og óljósra staðreynda um atvik málsins.

Kærunefndin verður samkvæmt framangreindu að hafna kröfum álitseiddanda.

V

Álitseidd

Kröfu álitseiddanda, X, er hafnað.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson